

# Tillaga til kosningar

Eftirfarandi tvær tillögur hafa

verið myndaðar vegna vinnutímastyttingar Heilsuleiksskólans Árbæ. Sú tillaga sem hlýtur meirihluta atkvæða í þessari atkvæðagreiðslu mun taka gildi eigi síðar en 1. janúar 2021, háð samþykki bæjarstjórnar.

Atkvæðagreiðslan verður opin frá fimmtudeginum 3. desember til mánudagsins 7. desember.

## Tillögur að vinnutímastyttingu:

### Tillaga 1:

#### **13 mínútna vinnutímastytting á dag og kaffitímar haldast óbreyttir.**

**Útfærsla:** Vinnutímastyttingunni er safnað upp og tekin út á tveggja vikna fresti samtals 2 klst og 10 mín aðra hvora viku. Kaffitímar fyrir og eftir hádegi haldast óbreyttir og eru á yfirráði starfsmanns (*megum gera það sem við viljum á þeim tíma, fara út úr húsi eða sinna erindum*). Hugsanlega þarf að gera þær ráðstafanir í húsi að taka styttinguna út ýmist fyrir eða eftir hádegi. Vinnutímastyttingin hlutfallast m.v. starfshlutfall, t.a.m. þá á starfsmaður í 50% starfshlutfalli inni 65 mín í styttingu aðra hvora viku.

### Tillaga 2:

13 mínútna vinnutímastytting á dag og kaffitímar seldir samtals 35 mín á dag. Heildarstytting er 48 mín á dag m.v. starfsmann í 100% starfshlutfalli, eða 4 klst á viku.

**Útfærsla:** Vinnutímastyttingunni er safnað upp og tekin út á tveggja vikna fresti sem heill frídagur., eða 8 klst. Misjafnt er hvenær vikunnar starfsmenn fá frídag, en miðað er við að vaktarúllan sé frá mánudögum til fimmtudags. Starfsmenn eiga rétt á neysluhléi yfir daginn til að halda starfsþreki, en má ekki fara útúr húsi og hléið er ekki á skilgreindum tíma. Vinnutímastyttingin hlutfallast m.v. starfshlutfall, t.a.m. þá á starfsmaður í 50% starfshlutfalli inni 4 klst í styttingu aðra hvora viku.

## Útfærsla á neysluhléum, veikindi og orlof:

Ef þú ert veikur á þeim degi sem vinnutímastyttingin þín átti að vera þá áttu hana ekki inni. En hins vegar ef að þú ert veikur dagana á undan þá safnar þú samt sem áður upp vinnutíma styttingu. Það sama á við um veikindi barna svo fremur sem að þú átt inni fyrir þeim dögum (12 dagar á ári). Eins er ef þú tekur þér orlofsdaga (sem þú átt inni) þeir telja til vinnutíma styttingar.

## Breytingar á vinnuskipulagi:

Við ætlum að gera allt sem að við getum til þess að láta þessar útfærslur ganga upp. Planið er að setja upp vaktarskipulag fyrir hverja deild upp á það hvernær vinnutímastytting er tekin út. Fyrir vikið ætti viðkomandi að geta skipulagt sig vel fram í tímann og hagað okkar erindum eftir því hvernig við eigum vinnutímastyttingu.

Starfsmenn munu leggja sitt af mörkum við að lágmarka aukið álag á vinnustaðnum vegna vinnutímastyttingarinnar með því lágmarka fjarveru sína á vinnutíma vegna einkaerinda.

Með því að koma þessari styttingu inn í starfið okkar vonumst við til þess að við fáum góðan tíma til þess að hvílast og með því móti vonumst við til þess að minna verði um veikindi og skrepp á vinnutíma.


## Endurskoðun:

Tillagan verður endurskoðuð í lok mars 2021.

## Niðurstaða kosningar

Svarhlutfall: 71%

Vinsamlegast tilgreindu hvort þú sért hlynnt/hlynntur tillögu nr. 1 eða nr. 2.



Mean : 1.806 | Confidence Interval @ 95% : [1.674 - 1.937] | Standard Deviation : 0.401 | Standard Error : 0.067

## OneCRM

Viðskiptavinur: Sveitarfélagið Árborg Höfundur: Signý Harpa Hjartardóttir  
Málsheiti: Kjaramál - vinnustytting hjá Árborg Málarnúmer: [2012144](#)